

Fundargerð 4. fundar stjórnar Hundaræktarfélags Íslands

starfsárið 2023-2024.

Þriðjudaginn 4. júlí kl. 17:10 var haldinn fjórði fundur stjórnar Hundaræktarfélags Íslands.

Fundurinn var haldinn í húsnæði félagsins að Melabraut 17, 220 Hafnarfirði.

Mættar voru: Anna Guðjónsdóttir, Anna María Gunnarsdóttir, Anna María Ingvarsdóttir, Erla Heiðrún Benediktsdóttir, Erna Sigríður Ómarsdóttir og Guðbjörg Guðmundsdóttir. Hansína Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri, sat einnig fundinn.

Ingibjörg Salóme Sigurðardóttir boðaði forföll.

Anna Guðjónsdóttir ritaði fundinn.

Dagskrá:

1. Stjórn boðar Vinnuhundadeild á fund til að ræða reglur um menntun hlýðni, spora og rallý prófsdómara og reglur um Rallý hlýðni

Þórhildur og Silja mættu fyrir hönd Vinnuhundadeildar til að kynna nýjar reglur um Rallý hlýðni sem Vinnuhundadeildin hefur lagt fram til stjórnar til samþykktar. Vinnuhundadeild tilnefnir 4 dómara fyrir Rallý. Reglur og dómarar samþykktir og taka reglurnar gildi 1. ágúst. Reglurnar verða birtar á heimasíðu félagsins ásamt kynningu von bráðar.

Vinnuhundadeild hefur einnig lagt fram til samþykktar stjórnar reglur um menntun dómara í hlýðni, spora og rallý. Aðlaga þarf þær reglur áður en þær verða samþykktar.

Gjaldskrá fyrir Rallý próf rædd þar sem um er að ræða nýjung.

2. Fréttir frá skrifstofu

Hansína upplýsir um verkefni skrifstofu. Rætt um að taka í notkun nýtt bókhaldskerfi til að auðvelda úrvinnslu.

3. Önnur mál

Önnur mál rædd.

Fundi slitið kl.19:10